Sýningar

Ásmundarsafn
Þar stendur yfir samsýning á verkum Ásmundar Sveinssonar (1893–1982) og Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals (1885–1972) undir yfirskriftinni „Náttúra/Náttúra" þar sem sýnt er fram á sérstæð tengsl þeirra við íslenska náttúru í verkum sínum. Sýningin stendur til 14. maí og er opin daglega frá kl. 13–16.

Borgarkringlan
Kristín Andrésdóttir heldur sýningu á eldri og nýjum verkum í Borgarkringlunni. Þetta eru akrýlmálverk, teikningar og krítarmyndir. Opið er frá kl. 14.

Café Mílanó
Faxafeni 11
Guðrún H. Jónsdóttir (Gígja) sýnir málverk. Sýningin er opin kl. 9–19 mánudaga, kl. 9–23.30 þriðjud., miðvikud. og fimmtud., kl. 9–1 föstud. og laugard. og kl. 9–23 sunnud.

Café 17
Laugavegi
Harpa Einarsdóttir og Kristján Logason opna sýningu á verkum sínum laugardaginn 16. febrúar. Sýningin er opin á verslunartíma verslunarinnar 17.

Gallerí Art-Hún
Stangarhyl 7, Rvík
Þar stendur yfir sýning á verkum Erlu Axelsdóttur, Helgu Ármannsdóttur, Elínborgar Guðmundsdóttur, Sigrúnar Gunnarsdóttur og Margrétar Salome. Galleríið er opið alla virka daga kl. 12–18.

Gallerí Fold
Laugavegi 118d
Í Gallerí Fold eru til sýnis verk eftir ýmsa listamenn. Galleríið er opið alla daga frá kl. 10–18 nema sunnudaga frá kl. 14–18.

Gallerí Greip
Berglind Sigurðardóttir sýnir verk sín í Gallerí Greip. Sýningin ber yfirskriftina „Myndir af augnablikum" og eru verkin unnin með olíu- og pastellitum. Sýningin er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14–18.

Gallerí Guðmundar
Ánanaustum 15, sími 21425
Galleríið er opið virka daga frá kl. 10–18 og laugardaga frá kl. 10–14.

Gallerí List
Skipholti 50b
Galleríið er opið alla daga kl. 11–18 nema laugardaga frá kl. 11–14. Sýningar í gluggum á hverju kvöldi.

Gallerí Sólon Íslandus
Þar stendur yfir myndlistarsýning Lísbetar Sveinsdóttur. Sýningin stendur til 20. febrúar og er opin daglega frá kl. 10–18.

Gallerí Sævars Karls
Bankastræti 9, 2. hæð
Erlingur Páll Ingvarsson myndlistarmaður sýnir verk sín. Sýningin stendur til 23. febrúar og er opin á verslunartíma.

Gallerí Úmbra
Amtmannsstíg
Þar stendur yfir sýning á verkum Gests Þorgrímssonar. Verkin á sýningunni eru unnin í marmara, gabbró og málm. Sýningin verður opin þriðjudaga til laugardaga kl. 13–18, sunnudaga kl. 14–18 og stendur hún til 22. febrúar.

Hafnarborg
Hafnarfirði
Þar stendur yfir sýning á myndvefnaði eftir myndlistarkonuna Auði Vésteinsdóttur. Á sýningunni eru 21 verk. Þau eru ofin úr ull og hör. Í Sverrissal er sýning á grafíkmyndum eftir Gunnar Á. Hjaltason. Hér er um að ræða dúk- og tréristur. Sýningarsalir eru opnir frá kl. 12–18 alla daga nema þriðjudaga. Sýningarnar standa til 20. febrúar.

Kjarvalsstaðir
Laugardaginn 18. febr. kl. 16 verða formlega opnaðar tvær sýningar á Kjarvalsstöðum. Sýning á steinþrykksmyndum „Bítilsins" og fjöllistamannsins Johns Lennons og sýning á verkum Kristínar Jónsdóttur frá Munkaþverá. Sýningarnar standa til 26. mars og eru opnar frá kl. 10–18.

Listasafn Akureyrar
Þar stendur yfir sýning á teikningum og krítarmyndum eftir Alfreð Flóka í Austur- og Miðsal og sýning á málverkum eftir Joris Jóhannes Rademaker í Vestursal. Sýning Alfreðs Flóka stendur til 26. febrúar en sýningu Jorisar Jóhannesar lýkur 19. febrúar. Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 14–18.

Kjarvalsstaðir:

Íslensk veflist og Lennon

– tvær sýningar opnaðar

„Annars vegar verður opnuð sýning á verkum Kristínar Jónsdóttur frá Munkaþverá og hins vegar sýning á steinþrykksmyndum Bítilsins og fjöllistamannsins Johns Lennons," segir Gunnar Kvaran, forstöðumaður Kjarvalsstaða, en þar verða opnaðar tvær sýningar á laugardag.

„Kristín hefur markað sér sérstöðu með veflistinni því hún hefur leyft sér að útvíkka myndmál veflistarinnar og notar til þess tilvísanir í hefðbundið letur og setningar sem hún læðir inn í þráðinn.

Einnig verður á sýningu yfirlit yfir teikningar sem John Lennon gerði á 10–15 ára tímabili. Þetta rifjar upp að Lennon ætlaði sér hluti í myndlistinni áður en hann byrjaði í tónlistinni," segir Gunnar.


Sýning á verkum Lennons verður í Vestursal en þar er einnig mögulegt að kaupa númeraðar steinþrykksprentanir af myndunum á sýningunni og mun Listasafn Reykjavíkur hafa milligöngu um sölu á þeim. Þar að auki verða seldar peysur með áprentuðum myndum Johns Lennons. Sýningin á verkum Kristínar verður í Miðsal. Báðar sýningarnar verða formlega opnaðar kl. 16 á laugardag og eftir það verða þær opnar frá kl. 10–18.



Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá sýnir verk sín að Kjarvalsstöðum. DV-mynd GVA

Málverk í Gerðarsafni

Sýningin Málverk í Gerðarsafni hefur verið framlengd til sunnudagsins 19. febrúar. Á henni eru verk sex þekktra listamanna sem sýnt hafa víða bæði heima og erlendis. Þetta eru þeir Daði Guðbjörnsson, Eyjólfur Einarsson, Gunnar Örn, Jón Axel Björnsson, Jón Óskar og Sigurður Örlygsson. Þeir hafa valist saman vegna þess að ákveðnum atriðum í list sumra þeirra svipar saman og allir eiga það sameiginlegt að mála fígúratíft þótt verk þeirra séu að ýmsu öðru leyti frábrugðin.



Jessie Kleeman sýnir gjörninga í Gerðubergi.

Gerðuberg:

Gjörningar

Grænlenski skjá- og gjörningalistamaðurinn Jessie Kleeman opnaði í gær sýningu í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Í verkum sínum notar Jessie grímudansara og grímur sem tákn. Tromman hefur sitt eigið tungumál og skýran listrænan tilgang sem kalla má sameiginlegt minni hins grænlenska lífs. Þannig leitast Jessie við að nálgast sína fornu menningu í nútíma birtingarformi. Sýningin er liður í norrænu menningarhátíðinni Sólstafir.

Borgarkringlan:

Akrýl-málverk

Núna stendur yfir sýning á eldri og nýjum akrýl-málverkum í Borgarkringlunni. Um er að ræða akrýlmálverk, teikningar og krítarmyndir sem Kristín Andrésdóttir hefur gert. Sýningin er opin frá kl. 14–18.


Nýlistasafnið:

Norrænir listamenn

Sólgin er yfirskriftin á samsýningu fjögurra norrænna myndlistarmanna sem opnuð verður í Nýlistasafninu á laugardag kl. 16. Anders Boqvist, Maria Lindberg og Peter Hagdahl eru fulltrúar Svíþjóðar en Ann Kristin Lislegaard kemur frá Danmörku. Sýningin er liður í norrænu menningarhátíðinni Sólstöfum og er hún samvinna þriggja sýningarhúsa, það er Nýlistasafnsins, Slunkaríkis á Ísafirði og Listasafnsins á Akureyri.

Myndlistarmennirnir fjórir sýna í Nýlistasafninu, Peter Hagdahl opnar aðra sýningu í Slunkaríki á miðvikudag og Ann Kristin Lislegaard opnar þriðju sýninguna í Listasafninu á Akureyri annan laugardag.

Allir þátttakendur í Sólgin vinna að verkum sem sýna óvænta og skilyrðislausa afstöðu til mismunandi greina tækni og efnis. Einfaldar blýantsteikningar eru jafn sjálfsagður hlutur og límmiðar, myndbandsverk allt eins möguleg og kúluspil. Þeir eiga það sameiginlegt að þeir athuga ómeðvitaða þætti bæði hjá einstaklingnum og menningunni í heild. Sýningin í Nýlistasafninu er opin daglega frá kl. 14–18.



Sýningunni á stofngjöf Listasafns Íslands lýkur á sunnudag. Á sýningunni er úrval margra góðra verka eftir norræna listmálara, aðallega danska.

Sýningar

Listasafn ASÍ
Sýningu Hallsteins Sigurðarssonar myndhöggvara á járnmyndum lýkur sunnudaginn 19. febrúar. Á sýningunni eru 13 járnmyndir, allar gerðar árið 1994. Verkin eru unnin út frá pýramídum, skelja- og keiluformum. Sýningin er opin alla daga frá kl. 14–19. Safnið er lokað á miðvikudögum.

Listasafn Einars Jónssonar
Njarðargötu, sími 13797
Safnið er opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 13.30–16. Höggmyndagarðurinn er opinn alla daga. Inngangur frá Freyjugötu.

Listasafn Háskóla Íslands
í Odda
Þar er nú á öllum hæðum sýning á verkum í eigu safnsins. Opið er daglega frá kl. 8–22.

Listasafn Íslands
Sýningu á stofngjöf Listasafns Íslands lýkur sunnudaginn 19. febr. Hér er um óvenjulegt tækifæri að ræða til að sjá þessi einstæðu málverk. Þar stendur einnig yfir sýningin „Ný Aðföng II". Á þessari sýningu eru sýnd verk sem flest eru unnin á hefðbundinn hátt, málverk, höggmyndir og teikningar, vatnslitamyndir og grafík eftir starfandi listamenn bæði af eldri og yngri kynslóð. Sýningin stendur til 19. mars. Listasafn Íslands er opið daglega nema mánudaga kl. 12–18.

Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn
Hamraborg 4, sími 44501
Sýningin „Málverk" hefur verið framlengd til sunnudagsins 19. febr. Sýnendur eru málararnir Daði Guðbjörnsson, Eyjólfur Einarsson, Gunnar Örn, Jón Axel Þjörnsson, Jón Óskar og Sigurður Örlygsson. Sýningin er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 12–18.

Listhúsið í Laugardal
Engjateigi 17, sími 680430
Íslensk náttúra, íslenskt landslag. Myndlistarsýning á verkum eftir Sjöfn Har. Sýningin er opin virka daga frá kl. 13–18 og laugardaga frá kl. 11–16.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg
Gerðubergi 3–5
Þar stendur yfir sýning grænlenska skjá- og gjörningalistamannsins Jessie Kleemann. Í verkum sínum notar Jessie grímudansara og grímur sem tákn. Tromman hefur sitt eigið tungumál og skýran listrænan tilgang sem kalla má sameiginlegt minni hins grænlenska lífs. Sýningin er opin frá kl. 10–21 mánud.–fimmtud. og frá kl. 13–16 föstud.–sunnud.

Mokka
Þar stendur yfir sýningin „Litlir kassar á Lækjarbakka". Á sýningunni eru silkiþrykksmyndir eftir helsta forsprakka nýja strangflatarmálverksins eða „neó-geó", Bandaríkjamanninn Peter Halley. Á sýningunni verða einnig 2 verk úr stofngjöf Ragnars Jónssonar í Smára til Listasafns ASÍ. Sýningunni lýkur 25. febrúar.

Nesstofusafn
Nesströð, Seltjarnarnesi
Safnið opið samkvæmt samkomulagi. Upplýsingar í síma 611016.

Norræna húsið
Þar stendur yfir myndlistarsýning með verkum eins helsta myndlistarmanns Dana í dag, Svend Wiig Hansen. Sýningin er opin daglega kl. 9–19 nema sunnudaga frá kl. 12–19 og stendur til 5. mars.

Nýlistasafnið
Vatnsstíg 3b
Laugardaginn 18. febr. kl. 16 verður opnuð samsýning fjögurra norrænna myndlistarmanna. Sýningin ber yfirskriftina „Addicted" (Sólgin). Sýningin er liður í norrænu menningarhátíðinni Sólstöfum. Sýningin verður opin daglega frá kl. 14–18 og stendur til 5. mars.

Póst- og símaminjasafnið
Austurgötu 11, Hafnarf., sími 54321
Opið á sunnud. og þriðjud. kl. 15–18.

Safn Ásgríms Jónssonar
Bergstaðastræti 74
Sýning á vatnslitamyndum Ásgríms Jónssonar. Sýningin stendur til marsloka. Opin laugardaga og sunnudaga, kl. 13.30–16.